



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflokks Íslands mánudaginn 22. mars 2021 kl. 20:00 í Bolholti 6 og með Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Védís Guðjónsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Katrín Baldursdóttir, Viggó K. Jóhannsson og Guðmundur Auðunsson. Margrét Pétursdóttir úr kjörnefnd var gestur fundarins.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

2. Fundarstjórn og starfsreglur

Rætt var hvernig best sé að fundarmenn biðji um orðið. Ennfremur var rætt um viðbætur og breytingar Guðmundar á innleggi Katrínar á Facebook-síðu stjórnarinnar um verklag, upplýsingaflæði og gagnsæi innan framkvæmdastjórnar. Ákveðið var að ræða þetta frekar á næsta fundi.

3. Starf kjörnefndar

Margrét fór yfir síðasta fund nefndarinnar, hann var ræddur og hvenær við ættum að hafa lista tilbúna. Talað var um að fara út í kjördæmin og ræða við fólkið. Erindi frá framkvæmdastjórn er væntanlegt.

4. Umsókn til Vinnumálastofnunar um starf umsjónarmanns Bolholts

Til að það sé hægt þarf að vera starfsmaður fyrir.

5. Áfram veginn og ekkert stopp: Efling starfseminnar

a. Úthringing í félagi

Umræðum frestað.

b. Baráttuhópar, hverjir þurfa aðstoð

Meistaradeildin hélt góðan fund. Ungir sósíalistar stefna að því að gera manifestó. Innflytjendaráð þarf enn innspýtingu.

c. Sósíalístakaffi og aðrir viðburðir

Umræðum frestað.

d. Virkni á vefsíðu, Facebook og víðar

Umræðum frestað.

e. Ráðuneyti

Umræðum frestað.

6. Fjármál

Flokkurinn: 4.142.874 kr., kosningasjóður: 1.032.980 kr., Maístjarnan: 2.276.521 kr., bankatrygging Maístjörnu fyrir leigu húsnæðis: 1.200.000 kr.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.